

Nr. 066 / 15 Gísli Súrsson GK 8***Skipverji slasast við löndun***

Skipaskr.nr. 2878
Smíðaður: Hafnarfjörður 2014, plast
Stærð: 29,84 bt
Mesta lengd: 14,83 m Skráð lengd:
Breidd: 4,43 m Dýpt: 2,30 m
Vél: DOOSAN 588 kW, 2014
Fjöldi skipverja: 4



Gísli Súrsson©Vigfus Markússon

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. mars 2015 var Gísli Súrsson GK 8 við löndun í Grindavík.

Skipverjar voru að landa körum úr lest og var einn þeirra þar niðri að húkka á þau. Við þetta rann tveggja hæða karastæða til í lestinni og á skipverjann með þeim afleiðingum að hann klemmdist við aðra stæðu og lúguopið.

Við rannsókn kom fram:

- að kraninn er staðsettur stjórnborðsmegin á bátinum sem veldur meiri halla þegar verið er að landa úr honum;
- að mjög hvasst og mikill sjógangur var í höfninni og lagðist báturinn því meira en venjulega;
- að sá slasaði hélt að körin sem voru í krananum væru kominn upp á bryggju og þess vegna fór hann að undirbúa næstu hífingu;
- að hífð eru tvö kör í einu sem eru um 550 kg að þyngd og lyftigeta skipskranans var 610 kg í 4,75 m armlengd;
- að kranamaðurinn var staðsettur við kranann og hafði góða yfirsýn niður í lest og upp á bryggju.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er óaðgæsla skipverja við þessar aðstæður.